

Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita bs.
Dalbraut 12
840 LAUGARVATN

Garðabær, 23. júní 2023
Málsnúmer: 202305-0042
SS

Efni: Umsögn um aðalskipulagsbreytingu fyrir fjallaskála í Flóa- og Skeiðamannafrétti og Gnúpverjafrétti og tengdar deiliskipulagstillögur.

Vísað er til tölvupósts frá skipulagsfulltrúa Uppsveita bs., dags. 16. maí 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að aðalskipulagsbreytingu fyrir fjallaskála í Flóa- og Skeiðamannafrétti og Gnúpverjafrétti.

Samhliða aðalskipulagsbreytingartillögunni, var óskað eftir umsögnum um deiliskipulagstillögur fyrir fjóra fjallaskála. Til einföldunar mun Náttúrufræðistofnun skila einni sameiginlegri umsögn um aðalskipulagsbreytinguna og deiliskipulagstillögurnar fjórar.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um aðalskipulagsbreytinguna á tillögustigi þann 20. janúar 2023. Sú umsögn fjallaði einnig um átta deiliskipulagstillögur um fjallaskála. Þar á meðal voru þær fjórar deiliskipulagstillögur sem hér eru til umsagnar.

Þessi fyrri umsögn Náttúrufræðistofnunar á að nær öllu leyti við enn og er því að stærstum hluta sú sama og sú umsögn sem hér er, nema fjarlægð hafa verið efnisatriði sem ekki eiga við nú t.d. um deiliskipulagstillögur þeirra fjallaskála sem ekki var óskað eftir umsögn um nú.

Almennt mat Náttúrufræðistofnunar á áformaðri breytingu á aðalskipulagi

Aðalskipulagsbreytingin felur í sér að átta ný afþreyingar- og ferðamannasvæði eru skilgreind á svæðum þar sem í dag eru fjallaskálar eða fjallasel. Á öllum svæðunum átta er verið að auka byggingarmagn til að fjölga gistiplássum. Þá eru skilgreind ný efnistökusvæði í tengslum við uppbygginguna.

Náttúrufræðistofnun telur mikilvægt að settur sé rammi í skipulagi utan um aðstöðu í skálum á hálendinu og sérstaklega jákvætt er að unnar séu deiliskipulagstillögur fyrir hvert svæði. Að mati Náttúrufræðistofnunar ber hins vegar að stíga varlega til jarðar við uppbyggingu og fjölgun gistiplássna á hálendinu. Mikilvægt er að taka tillit til leiðbeininga Landsskipulagsstefnu 2015-2026 um að mannvirki og umferð um hálendið skerði ekki víðerni eða önnur sérkenni og náttúrugæði hálendisins og þess vegna á að beina umfangsmeiri mannvirkjagerð sem mest út fyrir hálendisjaðarinn. Þessar leiðbeiningar byggja á markmiðum laga um náttúruvernd nr. 60/2013 sem snúa að verndun víðerna og því afar brýnt að öll áform um uppbyggingu á hálendinu séu metin með tilliti til áhrifa á óbyggð víðerni og sérkenni hálendisins. Þær heimildir til uppbyggingar sem áformað er að leyfa í tillögunni að aðalskipulagsbreytingu ná sumar langt inni á hálendi og má efast um hvort verið sé að fylgja leiðbeiningum Landsskipulagsstefnu með því að heimila uppbyggingu þar. Þess má geta að sambærilegar heimildir hafa verið veittar innan hálendismarka í skipulagstillögum fleiri sveitarfélaga á Suðurlandshálendinu. Uppbygging ferðaþjónustu innan marka Suðurlandshálendisins er því áformuð á töluvert



mörgum stöðum nú þegar og endurspeglast það einnig í tillögu að svæðisskipulagi Suðurlandis sem auglýst var fyrr á þessu ári og sem Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um þann 19. febrúar 2023.

Náttúrufræðistofnun telur að þónokkur hætta sé á að markmiðum um að rýra ekki náttúrugæði hálendisins sé teft í tvísýnu ef öll áform um uppbyggingu gistiaðstöðu fari fram. Vissulega eru áformin misumfangsmikil og sum fremur hófstíllt ein og sér, en horfa þarf til sammögnunaráhrifa á hálendið í heild sinni. Mikil breyting getur orðið á Suðurlandinu í heild ef til allrar þessarar uppbyggingar kemur, einkum með tilliti til ásýndar og landslagsáhrifa en aukin notkun og umferð á svæðinu eykur einnig álag á lífríki svæðisins, bæði viðkvæman hálendisgróður og dýralíf.

Jákvætt er að ekki séu ný uppbyggingarsvæði skilgreind á Flóa- og Skeiðamannaafretti og Gnúpverjaafretti. Hins vegar eru byggingarheimildir auknar umtalsvert á öllum svæðunum og ljóst að því munu fylgja ýmis umhverfisáhrif. Sum þessara svæða þola verr slík áhrif. Nánar er fjallað um það í umfjöllun um einstök svæði hér á eftir. Sérstaklega ber að nefna að stíga verður varlega til jarðar innan eða í næsta nágrenni við friðlýst svæði. Tvö afþreyingar- og ferðamannasvæði eru í þessari aðalskipulagsbreytingu skilgreind innan friðlands Þjórsárvera. Náttúrufræðistofnun telur óæskilegt að mikil aukning verði á umferð ferðafólks um Þjórsárver þar sem eru viðkvæm og mjög verðmæt votlendissvæði, sérstakt landslag sem þolir lítinn ágang og búsvæði fugla og annarra lífvera. Það hefur hjálpað verndun Þjórsárvera mikið hversu óaðgengileg þau eru.

Umfjöllun um einstök svæði og deiliskipulagstillögur þeirra

1. Tjarnarver

Náttúrufræðistofnun gerir alvarlegastar athugasemdir við áformaða uppbyggingu við Tjarnarver og leggst gegn því að hún fari fram á þann hátt sem kynnt er í skipulagstillögunum. Fjöldi gistiplássna nær tvöfaldast eða úr 22-24 í 40 ef áformin verða að veruleika og heimilað byggingarmagn tvöfaldast úr 150 í 300 fermetra. Þá er gert ráð fyrir efnistökusvæði innan friðlands en ekki er fjallað um það í deiliskipulagstillögunni og því nákvæm staðsetning þess ekki að fullu ljós. Gert er ráð fyrir að fyrirspurn um matsskyldu efnistökusvæðisins verði send til Skipulagsstofnunar. Náttúrufræðistofnun leggst gegn því að gefin verði heimild til svo umfangsmikillar efnistöku innan friðlandsins og telur jafnframt að ekki eigi að fjölga gistiplássum heldur beita takmörkuðu rými sem mikilvægu stjórnþæki fyrir umferð ferðafólks. Náttúrufræðistofnun leggst ekki gegn því að byggð sé látlaus aðstaða fyrir landvörð ef það er talið nauðsynlegt fyrir eftirlit og til að miðla mikilvægri fræðslu um friðlandið og þær reglur sem þar gilda. Þótt áætlaðar framkvæmdir innan skilgreindra byggingarreita muni kannski ekki raska viðkvæmum votlendisvistgerðum beint er töluverð hætta á að aukin umferð ferðafólks auki líkur á raski. Mjög sjaldgæfar rústamýravistgerðir eru staðsettar nálægt fjallaskálanum við Tjarnarver og því svæðið viðkvæmt fyrir allri umferð. Þess vegna leggst Náttúrufræðistofnun gegn því að uppbygging ferðaþjónustu fari fram þar en telur að viðhalda eigi þeirri takmörkuðu gistiaðstöðu sem fyrir er og láta þar við sitja.

2. Setrið

Við Setrið er í dag töluvert umfangsmikil gistiðstaða með svefnpláss fyrir 65 manns. Stefnt er að því að fjölga gistiplássum upp í 90 pláss, eða fjölgun um 25 pláss. Það er ekki hlutfallslega mikil fjölgun en hins vegar aukast byggingarheimildir úr 150 fermetrum í 450, sem er þreföldun. Samkvæmt deiliskipulagstillögunni munar þar mest um stækkun á skálanum sjálfum auk stækkunar á salernishúsi og geymslu og byggingu neyðarskýlis. Ekki er útskýrt hvers vegna þörf er á svo mikilli stækkun á skálanum miðað við að fjölgun gistiplássna er ekki það mikil. Þótt svæðið þoli ágætlega frekari uppbyggingu þar sem tiltölulega stór mannvirki eru þegar til staðar er ljóst að ásýndaráhrifin verða þeim mun meiri þar sem mannvirkin stækka mikið og þeim fjölgar. Svæðið er innan Friðlands Þjórsárvera og þótt það sé í nokkurri fjarlægð frá verunum sjálfum og lítil hættu á að rask verði á viðkvæmu votlendi við uppbygginguna þá er líklegt að bætt þjónusta auki umferð m.a. á vetrartíma. Afar brýnt er að stýra umferð ökutækja innan friðlandsins þannig að engin hættu sé á utanvegaakstri eða því að vetrarakstur valdi tjóni á viðkvæmu gróðurfari.

3. Gljúfurleit

Við Gljúfurleit er stefnt að fjölgun um 30 gistipláss, úr 20 í 50 og byggingarheimildir stækka úr 300 fermetrum í 400. Breytingin er ekki umfangsmikil en felur í sér stækkun á núverandi skála og byggingu á nýju hesthúsi. Gljúfurleit er innan hverfisverndarsvæðis einkum vegna tilkomumikilla fossa í Þjórsá en þar eru einnig gróðurlendi með hátt verndargildi m.a. votlendissvæði. Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að uppbygging og notkun svæðisins taki mið af viðkvæmni náttúrufræðis eins og við á og að ekki sé farið í rask að óþörfu.

4. Bjarnarlækjarbotnar

Við Bjarnarlækjarbotna er stefnt að tæpri tvöföldun gistirýmis úr 22 í 40 og tvöföldun byggingarmagns sömuleiðis m.a. með byggingu hesthúss. Svæðið er nálægt viðkvæmum gróðursvæðum, sér í lagi votlendi og þar eru einnig lindasvæði sem þola illa rask. Svæðið er innan hverfisverndarsvæðis. Deila má um hvort svæðið sé heppilegt fyrir frekari uppbyggingu ferðapjónustu vegna viðkvæmrar náttúru í nágrenninu. Stefnt er að efnistöku við Miklalæk en það er utan deiliskipulagssvæðisins og nákvæm staðsetning því ekki ljós að svo stöddu. Milli Bjarnarlækjarbotna og Miklalækjar eru fjölbreytileg votlendissvæði með mörgum smátjörnum sem setja mikinn svip á landslagið og þar hafa fundist rústir þótt rústamýravist sé ekki sérstaklega kortlögð þar. Forðast skal með öllu að raska þessu votlendi við framkvæmdir á svæðinu og tryggja þarf með stýringu að aukin umferð ferðamanna valdi ekki raski heldur.

5.-8. Hallarmúli, Klettur, Skeiðamannafit og Sultarfit

Náttúrufræðistofnun gerir ekki sértækar athugasemdir um áformaða uppbyggingu á þessum svæðum en ítrekar að almennar athugasemdir um heildaráhrif uppbyggingar á ferðapjónustu á öllu svæðinu sem aðalskipulagsbreytingin nær til sem og Suðurlandshálendis almennt á einnig við um þessi svæði. Ljóst er að breytt ásýnd verður við stækkun bygginga á öllum svæðum. Þá ber að forðast allt óþarfa rask og sérstaklega ef eitthvað votlendi er á svæðinu. Ekki var óskað frekari umsagnar um deiliskipulagstillögur fyrir þessi fjögur svæði.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við aðalskipulagsbreytinguna eða deiliskipulagstillögunar fjórar en er tilbúin að veita frekari ráðgjöf ef þess er óskað.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in black ink, reading "Snorri Sigurðsson". The signature is written in a cursive style with a large initial 'S'.

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs